

GJALDSKRÁ

Slökkviliðs Grindavíkur.

Inngangur.

Lög um brunavarnir nr. 75 frá 23. maí 2000, kveða m.a. á um ábyrgð og skyldur sveitarstjórna á starfsemi slökkviliða sem gegna ríku hlutverki í umhverfismálum og almennri björgun.

Slökkvilið Grindavíkur (SG) starfar samkvæmt ofangreindum lögum og er skipað hlutastarfandi slökkviliðsmönnum. Slökkvilið Grindavíkur fer með brunavarnir í lögsagnarumdæmi Grindavíkurbæjar og er í eigu og starfrækt af Grindavíkurbæ.

Slökkviliðsstjóri er framkvæmdastjóri Slökkviliðs Grindavíkur.

1. gr.

Verkefni SG ákvarðast af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Af öðrum verkefnum skal SG taka gjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

SG skal taka gjöld í samræmi við þann kostnað sem stofnunin verður fyrir vegna gjaldskyldrar starfsemi. Gjöld skulu ákveðin á grundvelli vinnuframlags starfsmanna. Fast tímagjald fyrir klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er kr. 8.219.

3. gr.

SG tekur fast gjald fyrir veittar umsagnir til annarra opinberra stofnana vegna leyfisskyldrar starfsemi. Innheimta skal fyrir þriggja klukkustunda vinnu ef skoða þarf viðkomandi stað, en einnar klukkustundar ef umsögn er afgreidd án skoðunar á staðnum.

4. gr.

Heimilt er slökkviliðsstjóra að fella niður gjald vegna starfsemi, ef verkefni telst þjóna almanna-hagsmunum og/eða fellur að markmiðum SG. Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu skal sú vinna undanþeginn gjaldi.

5. gr.

Bæjarskrifstofa Grindavíkurbæjar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið, samkvæmt samningi þar að lútandi.

Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum við innheimtuaðgerðir opinberra stofnana. Vangreidd gjöld samkvæmt gjaldskránni skulu, þegar vægari innheimtuaðgerðir hafa ekki borið árangur, sótt fyrir dómstólum og í kjölfarið skal gera fjárnám fyrir öllum skuldum skv. ofangreindu. Gjöldum vegna eftirlits með því að farið sé að kröfum um úrbætur á eldvörnum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, samanber 2. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til samfélags- og forvarnaverkefna á vegum SG.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkurbæjar, með heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 og 29. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Gjaldskráin endurskoðast ár hvert við gerð fjárhagsáætlunar.

Grindavíkurbæ, 17. desember 2010.

Róbert Ragnarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. febrúar 2011